

Reglur varðandi framlagningu viðauka í bæjarstjórn Vestmannaeyja



Í 63. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 eru ákvæði um viðauka í fjárhagsáætlun sveitarfélaga og hefur reikningsskila- og upplýsinganefnd sent sveitarfélögum leiðbeinandi verklagsreglur um gerð viðauka.

Verklagsreglunum er ætlað að vera grunnur að verklagi sveitarfélagsins við gerð viðauka og auðvelda sveitarstjórnnum að setja skýrar reglur um einstakar ákvarðanir.

Dæmi um nauðsyn þess að gera viðauka er ákvörðun um breytingu á stöðugildum starfsmanna, aukinn launakostnað, aukna fjárfestingu eða millifærslu á milli liða í fjárhagsáætlun. Viðauki þarf að innihalda útfærða ákvörðun um það hvernig breyttum fjárheimildum, þ.e.a.s. þeim útgjöldum eða tekjulækkun sem gert er ráð fyrir, verði mætt.

Með tillögu um viðauka þarf að fylgja minnisblað/gögn um tillöguna, samning eða fjárhagslega ráðstöfun sem um ræðir eða lagt er til að verði farið í og hvaða áhrif hún hafi á samþykka fjárhagsáætlun. Þetta er á ábyrgð viðkomandi forstöðumanns sem málið snertir.

Alltaf skal leitast við að finna svigrúm innan viðkomandi deildar/málaflokks sem ráðstöfunin snertir áður en leitað er að svigrúmi annarsstaðar. Ekki er þörf á að gera viðauka ef fjárhæð hans er undir lágmarksmörkum sveitarstjórnar eða svigrúm er innan viðkomandi deildar. Alltaf þarf að gera viðauka ef ráðstöfunin snertir fleiri deildir.

Meginforsendur við gerð viðauka eru samkvæmt verklagsreglum reikningsskila- og upplýsinganefndar eftirfarandi;

- Fjárhagsáætlun hvers árs er bindandi ákvörðun sveitarstjórnar um fjárheimild ársins.
- Leita skal fyrirfram samþykkis sveitarstjórnar vegna útgjalda og fjárfestingar umfram gildandi fjárhagsáætlun. Sveitarstjóri, sviðsstjórar og forstöðumenn ber ábyrgð á að halda fjárhagsáætlun ársins innan fjárheimildar.
- Viðauka við fjárhagsáætlun skal ekki gera til að leiðrétta fjárhagsáætlun, útgjöld í rekstri eða fjárfestingar, sem þegar hefur verið stofnað til.
- Ekki er heimilt að samþykkja ný útgjöld í rekstri eða til fjárfestingar, sem ekki er gert ráð fyrir í gildandi fjárhagsáætlun, nema að jafnhliða sé samþykktur viðauki við fjárhagsáætlun sveitarfélags.

- Alltaf skal leitast við að finna svigrúm innan viðkomandi deildar/málaflokks sem ráðstöfunin snertir áður en óskað er eftir gerð viðauka.
- Forsenda samþykktar á viðauka er að fram komi hvernig hin nýju útgjöld verði fjármögnuð. Ef ákvörðun kallar á færslu milli liða þarf að liggja skýrt fyrir um hvaða liði fjárhagsáætlunar ræðir svo bóka megi í viðauka.
- Sveitarstjórn setur sérstakar reglur sem gilda skulu um heimildir vegna tilfærslu á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar og millifærslu milli deilda. Sama gildir jafnframt um heimildir vegna fjárfestingar og millifærslu milli verkefna.



Reglur Vestmannaeyjabæjar um gerð viðauka við fjárhagsáætlun.

Í samræmi við verklagsreglur reikningsskila- og upplýsinganefndar setur bæjarstjórn Vestmannaeyja sér neðangreindar reglur um gerð viðauka.

1. Heimildir vegna tilfærslu á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar

Verði breytingar á stöðugildum starfsmanna, aukning á launakostnaði eða tilfærsla á milli launakostnaðar og annars rekstrarkostnaðar skal viðkomandi forstöðumaður leggja tillögu fyrir bæjarráð, ásamt minnisblaði og öðrum gögnum, þar sem fram kemur hvaða áhrif tillagan muni hafa á samþykka fjárhagsáætlun. Heimilt er að færa á milli launakostnaðar og/eða innan annars rekstrarkostnaðar allt að 4% af rekstrargjöldum, án samþykktar bæjarráðs.

2. Heimildir vegna millifærslu milli deilda

Ef fjárhagslegar ráðstafanir sem ekki er gert ráð fyrir í samþykktri fjárhagsáætlun snerta fleiri en eina deild skal ætíð leggja fram viðauka. Viðkomandi sviðsstjóri leggur fyrir bæjarráð tillögu ásamt minnisblaði eða öðrum gögnum, þar sem fram kemur hvaða áhrif tillagan muni hafa á samþykka fjárhagsáætlun. Viðkomandi forstöðumaður eða sviðsstjóri ber ábyrgð á að leggja gögnin/málið fyrir bæjarráð. Lágmarksfjárhæð vegna millifærslu milli deilda er 1 m.kr.

3. Lágmark fjárhæðar sem leita þarf samþykkis fyrir með viðauka

Ætíð skal leitast við að finna svigrúm innan viðkomandi deildar/málaflokks sem ráðstöfunin snertir áður en leitað er að svigrúmi annarsstaðar. Lágmarksfjárhæð sem leita þarf samþykkis fyrir með viðauka er 3 m.kr. Fjárhæð undir því skal finna svigrúm innan viðkomandi deildar/málaflokks.

4. Heimildir vegna fjárfestinga og tilfærslu milli verkefna

Stjórnendum er heimilt að hliðra til verkefnum í framkvæmda- og/eða fjárfestingaáætlun innan sama sjóðs án samþykkis bæjarstjórnar, svo fremi að breytingin rúmist innan áður samþykktar heildarfjárhæðar til fjárfestinga og framkvæmda í fjárhagsáætlun og ekki sé um nýtt verkefni að ræða

Fjárfestingar og/eða framkvæmdir sem ekki rúmast innan áður samþykktar fjárhæðar í fjárhagsáætlun skal ætíð gera viðauka um.

Tillögu ásamt minnisblaði eða öðrum gögnum þar sem fram kemur hvernig útgjöldunum verði mætt og hvaða áhrif tillagan muni hafa á samþykka fjárhagsáætlun skal leggja fyrir bæjarráð. Viðkomandi forstöðumaður eða sviðsstjóri ber ábyrgð á að leggja gögnin/málið fyrir bæjarráð í samráði við fjármálastjóra og/eða bæjarstjóra.

Viðauki skal fá eina umræðu í bæjarráði áður en hann er lagður fyrir bæjarstjórn til samþykktar. Gæta þarf að skýrt komi fram í bókun um eðli breytinga, hver fjárhagslegu áhrifin eru og hvernig lagt sé til að viðaukanum sé mætt. Leggi bæjarráð til að frumdrögum viðaukans verði breytt skal koma skýrt fram í hverju breytingin felst.

Þegar bæjarráð hefur samþykkt viðauka og vísað til bæjarstjórnar skal bæjarstjóri koma tillögunni til fjármálastjóra sem sendir bæjarstjóra viðaukann númeraðan og undirritaðan og útbýr sérstakt yfirlit um fjárhagslegar ráðstafanir hafi það ekki nú þegar verið gert eða ef bæjarráð hefur gert breytingar á framlagðri tillögu.

Viðaukinn við fjárhagsáætlun ásamt fylgigögnum er lagður fyrir bæjarstjórn til samþykktar. Sé viðaukinn samþykktur skal hann bókaður og tilkynning þess efnis send fjármálastjóra. Fjármálastjóri ber ábyrgð á að fjárhagsáætlun sé uppfærð til samræmis við samþykka viðauka og að viðaukar séu sendir Hagstofunni og Kauphöll innan tilskilinna tímamarka.